

Alþingi
Erindi nr. P 140/1196
komudagur 28.2.2012

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. febrúar 2012

Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022, 393. mál

Í kafla 1.3 í tillögunni er fjallað um markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Þar er m.a. fjallað um markvissar aðgerðir sem miði að minni notkun jarðefnaeldsneytis og að samgöngutæki, m.a. skip, nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er fjallað um eflingu rannsókna sem miði að sjálfbærni í framleiðslu á vistvænum orkugjöfum, breytingu skattlagningar á ökutæki til að hvetja til notkunar umhverfisvænna orkugjafa o.fl.

Samorka lýsir yfir almennum stuðningi samtakanna við ofangreinda stefnumörkun. Íslendingar búa yfir gríðarlegum tækifærum á þessu sviði, hér væri hægt að knýja meginþorra bílaflotans með þeirri raforku sem þegar er framleidd en flokkast sem umframorka, framleidd utan helstu álagstíma innan sólarhringsins í raforkukerfinu. Þannig mætti nýta hér græna og umhverfisvæna orku í stóruáætlunum mæli í stað brennslu innfluttra jarðefnaeldsneyta með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Á sama tíma fengist fram bætt nýting þeirrar raforkuframleiðslu sem þegar er í landinu. Þá eru ýmis fleiri tækifæri á þessu sviði líkt og dæmin sanna, t.d. eldsneytisframleiðsla úr útblæstri frá jarðhitavirkjunum og framleiðsluðnaði.

Tekið skal fram að ef t.d. rafbílavæðing á að takast að einhverju marki krefst hún verulegra upphafsþjárfestinga í innviðum, svo sem í dreifikerfum og væntanlegum hleðslu- eða fjölorkustöðvum. Breytingar á skattaumhverfi gætu því reynst mikilvæg forsenda slíkrar þróunar, til þess að nægur hvati sé til breytinga.

Loks vill Samorka í þessu sambandi minna á að í sumum nágrannalöndum okkar hefur þegar náðst mun meiri árangur á þessu sviði en orðið hefur á Íslandi, a.m.k. í einstökum sveitarfélögum. Nefna má Malmö sem dæmi. Kostnaðarsamar tilraunir í þróun tæknibúnaðar eru að mati Samorku ekki best vistaðar á fjárhagsáætlunum íslenska ríkisins, sveitarfélaga eða orkufyrirtækja. Hér á Ísland að læra af því sem best er gert af hálfu stórra fyrirtækja og opinberra aðila erlendis, til að flýta sem mest fyrir farsælli þróun héraðs á þessu sviði. Þótt Ísland hafi enn meiri hagsmuni en margir aðrir á þessu sviði – enda innlendir, endurnýjanlegir og hagkvæmdir orkugjafar í



miklu framboði hér – þá er það mat Samorku að hagkvæmara sé að leggja áherslu á yfirfærslu tækniþróunar erlendis frá eins og kostur er á þessu sviði.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri